

í dreifbýlis- og þéttbýlissöfnuðum. Þjálfunarteymi gerir starfs- og umsagnarreglur fyrir leiðbeinendur og handleiðara og undirbýr vitnisburð í hendur biskupi, áður en kandiðat getur sótt um embætti.

6. gr.

Biskup kallar nývígða presta til vinnuviku eða -vikna tvö fyrstu ár eftir vígslu og tryggir þeim aðgang að handleiðslu.

7. gr.

Um greiðslu til kandiðata og handleiðara fer eftir ákvörðun kirkjuráðs hverju sinni.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.

2. gr.

Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

1. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum þeirra embætta sem biskup semur um.
2. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um embætti við hlutaðeigandi aðila, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, ráðuneyti, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.
3. Kynningu á starfsemiinni jafnt innan kirkjunnar sem utan.
4. Önnur þau verkefni sem biskup felur henni.

3. gr.

Biskup ákveður hvar skuli veita prestsþjónustu meðal Íslendinga erlendis með þeim fjárhagsskorðum sem settar eru í 4. gr.

4. gr.

Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta sértekjur og andvirði þriggja þeirra prestsembætta er getur í 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, að meðtöldum embættiskostnaði við jafnmörg prestsembætti á Íslandi.

5. gr.

Um störf og starfsskyldur presta sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda ákvæði starfsreglna um presta eftir því sem við á.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gildandi samningum um og samkomulagi við íslenska presta erlendis, sem þiggja laun frá þjóðkirkjunni, verði sagt upp með löglegum fyrirvara og gengið verði til nýrra samninga á grundvelli þessara starfsreglna eftir því sem við getur átt.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um djákna.

1. gr.

Djákna er skylt að sinna starfi sínu samkvæmt þeirri köllun sem hann hefur hlotið og vígslubréfi, svo og samkvæmt þeim lögum og reglum sem um starf hans gilda á hverjum tíma. Enn fremur ber djákna að fara að ákvæðum ráðningarsamnings og erindisbréfs.

2. gr.

Djáknar starfa á sviði fræðslu- og líknarmála. Djáknar starfa innan safnaðar, stofnunar eða á vegum líknarfélags.

3. gr.

Biskup Íslands auglýsir laus störf djákna í samráði við vinnuveitanda. Biskup kannar hvort umsækjendur uppfylli lögboðin skilyrði til starfsins. Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup umsóknir ásamt umsögn sinni til hlutaðeigandi vinnuveitanda (sóknarnefndar, stofnunar eða líknarfélags), sem ákveður, að höfðu lögboðnu samráði, hver skuli ráðinn og tilkynnir það prófasti.

4. gr.

Vinnuveitandi skal gera skriflegan ráðningarsamning við djákna sem kveður á um starfsskyldur hans. Tilgreina skal sérstaklega í ráðningarsamningi hvaða störfum á sviði líknar- og fræðslumála djákna ber að sinna. Drög að ráðningarsamningi skulu liggja fyrir þegar starfið er auglýst.

5. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði starfsreglna um stöðu, störf og starfshætti sóknarnefnda þegar djákni er ráðinn til starfa af sóknarnefnd.